



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um stofnun nýs sérsambands Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍSÍ

77. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hóteli, samþykkir að heimila framkvæmdastjórn ÍSÍ að vinna að stofnun sérsambands um pílukast fram að næsta Íþróttapingi ÍSÍ.

Greinargerð:

Samanber 50. grein laga ÍSÍ þá ber ÍSÍ skylda til að stofna sérsamband ef einstaklingsíþróttagrein er stunduð í a.m.k. fjórum íþróttahéruðum, iðkendafjöldi er að lágmarki 250 og fjöldi íþróttafélaga/deilda stendur undir mótahaldi í íþróttinni fyrir börn/ungmenni og fullorðna, óháð kyni, að mati framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ viðurkenndi pílukast árið 2023. Samkvæmt starfsskýrslum er íþróttin stunduð af tæplega 200 iðkendum, í fjórum íþróttafélögum innan fjögurra íþróttahéraða, en fjögur íþróttafélög eiga eftir að skila inn tölum og bætast þá tvö íþróttahéruð við þann fjölda. Má því telja að íþróttagreinin uppfylli þau viðmið sem sett eru til að hægt sé að stofna sérsamband um hana.

Nú þegar eru til á Íslandi samtök um íþróttina, þ.e. Íslenska Pílukastsambandið (ÍPS), en forsvarsaðilar þess hafa óskað eftir inngöngu í ÍSÍ. Samkvæmt þeirra skráningum eru nú þegar um 1.000 iðkendur um allt land innan þeirra 26 aðildarfélaga sem eru aðilar að ÍPS. Má horfa til þess að sambærileg staða var þegar Landssamband íslenskra akstursfélaga (LÍA) gekk inn í ÍSÍ árið 2012, en sambandið hafði verið stofnað 1978 og fór með málefni akstursíþróttar frá 1992.

Frá 2008 til 2012 var unnið að stofnun sérsambands ÍSÍ í góðri samvinnu allra aðila, og má sjá fyrir sér sambærilega þróun gagnvart pílukasti á næstu misserum.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar